

Nd.

331. Frumvarp til laga

[193. mál]

um smíði eða kaup og rekstur sérstaks Vestfjarðaskips.

Flm.: Karvel Pálmason, Matthías Bjarnason, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að hefja undirbúning að smíði eða kaupum á sérstöku Vestfjarðaskipi. Skal skipið byggt bæði fyrir fólks- og vöruflutninga.

2. gr.

Skip það, sem hér um ræðir, skal rekið á leiðinni Vestfjarðahafnir — Reykjavík. Heimahöfn skipsins skal vera Ísafjörður.

3. gr.

Til framkvæmda þessara er ríkisstjórninni heimilt að taka lán, svo sem þurfa þykir, til að tryggja framgang málsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál það, sem hér er flutt, er ekki nýtt af nálinni. A. m. k. þrisvar áður hafa verið flutt frumvörp svipaðs efnis og hér um ræðir og a. m. k. einu sinni tillaga til þingsályktunar.

Engum getum þarf að því að leiða, að Vestfirðir eru sá landshluti sem býr við hvað erfiðastar samgöngur á Íslandi, og enda þótt vestfirskar byggðir hafi að hluta til verið tengdar aðalakegakerfi landsins part úr árinu á langt í land að Vestfirðir verði samgöngulega séð sambærilegir við aðra landshluta, hvort sem talað er um á landi, í lofti eða á legi.

Auk þess sem landshlutinn sem heild er þannig mjög svo einangraður frá öðrum landshlutum stóran part ársins bætist það við, að akvegir milli byggða á Vestfjörðum eru lokaðir sökum snjóá hartnær hálfri árið eða meir. Allan þann tíma verða Vestfirðingar að treysta einvörðungu á samgöngur á sjó eða í lofti, og er væntanlega öllum ljóst, sem til þekkja, hversu vart er að treysta samgöngum við Vestfirði í lofti yfir hávetrartímamann, þegar það gerist æðioft, að í lognblíðum kyrrum sumardagsins er ófært til flugs, t. d. á Ísafjörð. Og þó undangengin ár og áratugi hafi þessar staðreyndir blasað við Vestfirðingum, þeir á þær minnt og bent á nauðsyn úrbóta, hefur vissulega hægt miðað.

Á yfirstandandi vetri hefur þó keyrt um þverbak í þessum efnun, þegar dagar og vikur hafa liðið án þess að Vestfirðir væru í raun og veru í sambandi við umheiminn og innansvæðis sökum stöðugra illviðra.

Það má því segja, að yfirstandandi vetur hafi fyllt svo mælinn að því er varðar einangrun og samgönguleysi Vestfirðinga að þeir uni vart lengur því ástandi, að lítil sem engin aðstaða sé til að flytja vörur og fólk svo langtímum skiptir milli staða innan Vestfjarða, hvað þá út fyrir það svæði.

Margoft hefur verið á það bent af fjölmörgum aðilum á Vestfjörðum, svo sem sveitarstjórnnum og Fjórðungssambandi Vestfirðinga, hver nauðsyn er á öruggum samgöngum á sjó, bæði innan Vestfjarðasvæðisins og að því og frá. Ein af forsendum vaxandi byggðapróunar á Vestfjörðum er auknar og tryggari samgöngur, og eru góðar samgöngur á sjó sá öryggisventill sem hvað síst má vanta í þeirri þróun.

Í ljósi þess er þetta frumvarp flutt.